

## Sólin mun skína

### Rökkurró

Gefðu mér hönd þína  
ég skal gera allt betra en það var.  
Gefðu hugsun þína  
ég skal leiðrétta allt.

Ekki horfa ekki hlusta  
gleymdu öllu nema okkur.  
Treystu mér  
ég stýri þér  
og bý drauma þína loks til.

Sólin mun skína fyrir okkur  
grasið verður grænna fyrir okkur  
blómin munu blómstra fyrir okkur  
og ástin mun vara að eilífu.

Gleymdu því  
sem áður var  
því þetta líf  
er betra.